



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
v/Austurvöll
150 Reykjavík

10. ágúst 2016
Tilvísun: 2016060007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum, 787. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. júní 2016, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum, 787. mál.

Fjármálaeftirlitið styður framgang frumvarpsins en telur þó ástæðu til að koma eftirfarandi ábendingu á framfæri:

Varðandi 7. gr. frumvarpsins

Í 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er kveðið á um þagnarskyldu stjórnarmanna og starfsmanna fjármálafyrirtækis sem og annarra sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins. Umræddir aðilar eru bundir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna fyrirtækisins, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Brot gegn þagnarskyldunni getur varðað annars vegar sektum eða fangelsi allt að 2 árum og hins vegar stjórnvaldssektum. Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100.000 krónum til 65 milljónir króna.

Þagnarskyldu skv. 58. gr. laga nr. 161/2002 verður ekki vikið frá nema með lögum. Gera verður kröfu til þess að slík lagaákvæði séu mjög skýr og afdráttarlaus um þau gögn og upplýsingar sem heimilt er að aflétta trúnaði af, sérstaklega í ljósi þess að brot gegn 58. gr. laga nr. 161/2002 geta varðað íþyngjandi viðurlögum.

Í a. lið 7. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 4. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt verði víkkað út þannig að fjármálafyrirtæki skuli, þegar skattyfirvöld óska þess, afhenda allar upplýsingar um starfsemi, eignir og eigið fé sem þeim má vera *kunnugt um*. Að mati Fjármálaeftirlitsins er orðalagið „kunnugt um“ allt of óljóst til að geta lagt slíka skyldu á starfsmenn fjármálafyrirtækja. Enga umfjöllun er að finna um orðalagið í athugasemdum við lagafrumvarpið og því erfitt að átta sig á því hvað átt er við. Með vísan til þess þá leggur Fjármálaeftirlitið til að í stað orðanna „kunnugt um“ komi orðið „fyrirliggjandi“ þannig að á eftir orðunum „umrædda skrá“ í 2. másl. 4. mgr. 94. gr. komi: ásamt öllum *fyrirliggjandi* upplýsingum um starfsemi, eignir og eigið fé. Tillaga Fjármálaeftirlitsins er í samræmi við



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

upplýsingarétt samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 en hann afmarkast við fyrirliggjandi gögn.

Fjármálaeftirlitið telur orðalag b. liðar 7. gr. frumvarpsins einnig óljóst. Í fyrsta lagi eru engir tímafrestir gefnir á því hvenær þeir sem taldir eru upp í 1. málslið skuli afhenda upplýsingarnar „óumbeðnir“. Það er verulega bagalegt þar sem það getur varðað sektum eða fangelsi allt að 2 árum að brjóta gegn ákvæðinu, sbr. 6. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003. Þá væri æskilegt að nánar yrði tilgreint til hvaða skattfyrivalda eigi að senda upplýsingarnar þar sem það er óljóst og refsingu getur varðað að brjóta gegn ákvæðinu. Að lokum telur Fjármálaeftirlitið rétt að benda á að hafi fjármálafyrirtæki eingöngu milligöngu í tengslum við skattaráðgjöf og erlendur aðili veitir ráðgjöfina, fellur hann utan lagaákvæðisins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Guðrún Finnborg Þórðardóttir


Andrés Þorleifsson